

**Sp.**

### **54. Tillaga til þingsályktunar**

um lokun áfengisverzlana ríkisins og afnám vinsöluleyfis veitingahúsa.

Flm.: Ingvar Pálmason, Pálmi Hannesson.

Alþingi fellst á, að sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að fyrirskipa lokun áfengisverzlana ríkisins og afnema vinsöluleyfi veitingahúsa hafi verið gerð af fullri nauðsyn, og ályktar, að verzlarnir þessar skuli vera lokaðar og vinsöluleyfin ekki endurnýjuð, að óbreyttum ástæðum, meðan erlent herlið dvelur í landinu.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Vegna hins óvenjulega viðhorfs, sem skapast hefur við dvöl erlends herliðs í landinu, verður að telja með öllu óviðeigandi, að ríkið eða stofnanir þess òg útsölu- staðir hafi á boðstólum áfenga drykki, þar sem öllum má ljóst vera, að nautn þeirra getur leitt til torveldunar því, að þjóðin eða einstaklingar hennar sýni þann siðmenn- ingarþroska, sem henni ber í allri framkomu og viðskiptum við hið erlenda setulið.